

## **Afkoma Icelandair Group árið 2007 og á fjórða ársfjórðungi 2007**

- Heildartekjur ársins 2007 voru 63.5 milljarðar króna en voru 56.1 milljarður króna 2006 og aukast um 13% á milli ára. Heildartekjur á fjórða ársfjórðungi 2007 voru 15.3 milljarðar króna en voru 12.6 milljarðar á sama tíma í fyrra og aukast um 22% á milli ára.
- EBITDAR árið 2007 var 11.1 milljarður króna en 10.0 milljarður króna árið 2006. EBITDAR á fjórða ársfjórðungi 2007 var 2.1 milljarður króna miðað við 1.5 milljarða króna á fjórða ársfjórðungi 2006.
- EBITDA ársins 2007 var 5.5 milljarðar króna en 6.1 milljarður króna 2006. EBITDA á fjórða ársfjórðungi 2007 var 515 milljónir króna en 338 milljónir króna á sama tíma í fyrra.
- EBIT var 2.3 milljarðar króna árið 2007 en 3.3 milljarðar króna árið 2006. EBIT fyrir fjórða ársfjórðung 2007 var neikvætt um 309 milljónir króna en neikvætt um 394 milljónir króna á fjórða ársfjórðungi 2006.
- Hagnaður félagsins eftir skatta árið 2007 var 257 milljónir króna samanborið við 2.6 milljarða króna hagnað 2006. Tap félagsins eftir skatta á fjórða ársfjórðungi 2007 var 780 milljónir króna samanborið við 551 milljón króna tap á sama tíma í fyrra.
- Eignir í lok ársins 2007 námu 66.8 milljörðum króna en voru 76.6 milljarðar króna í lok ársins 2006.
- Eiginfjárhlutfall er 37% í lok ársins 2007 en var 34% í lok ársins 2006.
- Handbært fé frá rekstri árið 2007 var 3.9 milljarðar króna, en var 6.4 milljarðar króna árið 2006.
- Á árinu gerði Icelandair Group samning um kaup á tékkneska flugfélaginu Travel Service.
- Í desember var tilkynnt um brotthvarf Jóns Karls Ólafssonar forstjóra frá félaginu og var Björgólfur Jóhannsson ráðinn í hans stað.

### ***Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group:***

Afkoma Icelandair Group 2007 er í samræmi við spá okkar sem kynnt var í nóvember. Rekstrarhagnaður (EBITDA) er tæplega 5.5 milljarðar króna. Fyrirtækin innan samstæðunnar mynda sterka heild og undirstöður þess eru traustar og fjölþættar, en fjármagnskostnaður hækkaði verulega á árinu. Ljóst er að afkoma félagsins þarf að batna, efniviðurinn er til staðar, og ég er bjartsýnn á framhaldið.

Góður stígandi var á árinu í rekstri Icelandair, stærsta fyrirtækisins innan samstæðunnar. Rekstur Icelandair Cargo og Bláfugls, sem bæði starfa á vettvangi fraktflutninga var undir væntingum, en afkoma Loftleiða–Icelandic var umfram væntingar. Mikill vöxtur einkenndi starfsemina á árinu 2007, sem var fyrsta starfsár félagsins eftir skráningu á markað í árslok 2006.

Starfsemin hefur farið vel af stað á þessu ári. Umtalsverð endurnýjun á þjónustu Icelandair verður gerð á árinu í tengslum við nýjar innréttingar í flugflota félagsins. Heldur verður dregið úr framboði Icelandair frá síðasta ári og lögð áhersla á aðhald í rekstri. Þá verður unnið úr kaupum Icelandair Group á tékkneska flugfélaginu Travel Service og lögð áhersla á nýtingu samlegðaráhrifa og frekari vöxt í Mið-Evrópu.

## Lykiltölur 2007 og fjórði ársfjórðungur 2007

ISK'000.000						
	Actuals	Actuals	% Chg.	Actuals	Proforma	% Chg.
	Q4 07	Q4 06		12M 07	12M 06	
Transport revenue	7.954	7.306	9%	35.949	34.954	3%
Charter revenue	4.532	2.900	56%	15.510	10.675	45%
Other	2.857	2.384	20%	12.018	10.514	14%
<b>Operating Income</b>	<b>15.343</b>	<b>12.590</b>	<b>22%</b>	<b>63.477</b>	<b>56.143</b>	<b>13%</b>
Salaries and related expenses	5.405	4.753	14%	20.008	17.761	13%
Aircraft fuel	2.900	2.135	36%	9.769	9.821	-1%
Aircraft and aircrew lease	669	1.619	-59%	7.353	4.489	64%
Aircraft servicing, handling and navigation	1.457	1.163	25%	4.367	4.038	8%
Aircraft maintenance	2.026	746	172%	5.128	3.229	59%
Other	2.371	1.836	29%	11.375	10.747	6%
<b>EBITDA</b>	<b>515</b>	<b>338</b>	<b>52%</b>	<b>5.477</b>	<b>6.058</b>	<b>-10%</b>
<b>EBIT</b>	<b>-309</b>	<b>-394</b>	<b>-22%</b>	<b>2.337</b>	<b>3.326</b>	<b>-30%</b>
<b>EBT</b>	<b>-1.119</b>	<b>-757</b>	<b>48%</b>	<b>129</b>	<b>3.060</b>	<b>-96%</b>
<b>Net Profit/Loss</b>	<b>-780</b>	<b>-550</b>	<b>42%</b>	<b>257</b>	<b>2.615</b>	<b>-90%</b>
<b>EBITDAR</b>	<b>2.116</b>	<b>1.535</b>	<b>38%</b>	<b>11.055</b>	<b>10.000</b>	<b>11%</b>

### Hagnaður/Tap

EBITDA ársins 2007 var 5.5 milljarðar króna en 6.1 milljarður króna árið 2006. EBITDA á fjórða ársfjórðungi 2007 var 515 milljónir króna en 338 milljónir króna á sama tímabili 2006. EBIT árið 2007 var 2.3 milljarðar króna en 3.3 milljarðar krónar árið 2006. EBIT á fjórða ársfjórðungi 2007 var neikvætt um 309 milljónir króna en var neikvætt um 394 milljónir á sama tímabili 2006.

**EBITDAR** er mælikvarði sem er oft notaður í flugrekstri þar sem leiga er undanskilin niðurstöðunni til þess að fá skýrari mynd af rekstrinum sjálfum þar sem eignarhaldskostnaður er óvenju hátt hlutfall af rekstrarkostnaði. EBITDAR árið 2007 var 11.1 milljarður krónar miðað við 10.0 milljarða króna árið 2006. EBITDAR á fjórða ársfjórðungi 2007 var 2.1 milljarður króna miðað við 1.5 milljarða króna á fjórða ársfjórðungi 2006.

Hagnaður ársins 2007 nam 257 milljónum króna, en hagnaður ársins 2006 var 2.6 milljarðar króna. Tap á fjórða ársfjórðungi 2007 nam 780 milljónum króna og 550 milljónum króna á sama tímabili 2006

**Rekstrareiningar 2007**

ISK'000.000						
	Scheduled	Capacity	Travel and	Shared	Elimi-	Con-
	Airline	solutions	tourism	Services	nations	solidated
Segment revenue	51.519	15.670	9.296	751	13.759	63.477
Segment cost	-48.780	-13.505	-8.188	-1.286	-13.759	-58.000
<b>EBITDA</b>	<b>2.739</b>	<b>2.165</b>	<b>1.108</b>	<b>-535</b>		<b>5.477</b>
<b>EBIT</b>	<b>928</b>	<b>1.744</b>	<b>582</b>	<b>-917</b>		<b>2.337</b>
Net finance cost	-240	-477	-178	-1.254		-2.149
Share of profit of associates		-59				-59
<b>EBT</b>	<b>688</b>	<b>1.208</b>	<b>404</b>	<b>-2.171</b>		<b>129</b>
Income tax	-159	-282	-74	643		128
<b>Net Profit/Loss</b>	<b>529</b>	<b>926</b>	<b>330</b>	<b>-1.528</b>		<b>257</b>
<b>EBITDAR</b>	<b>5.938</b>	<b>3.963</b>	<b>1.689</b>	<b>-535</b>		<b>11.055</b>

**Rekstareiningar fjórði ársfjórðungur 2007**

ISK'000.000						
	Scheduled	Capacity	Travel and	Shared	Elimi-	Con-
	airline	solutions	tourism	Services	nations	solidated
Segment revenue	12.232	4.773	1.662	212	3.535	15.344
Segment cost	-12.212	-4.037	-1.705	-410	-3.535	-14.829
<b>EBITDA</b>	<b>20</b>	<b>736</b>	<b>-43</b>	<b>-198</b>	<b>0</b>	<b>515</b>
<b>EBIT</b>	<b>-451</b>	<b>579</b>	<b>-187</b>	<b>-250</b>	<b>0</b>	<b>-309</b>
Net finance cost	75	-227	-132	-292	0	-576
Share of profit of associates	0	-234	0	0	0	-234
<b>EBT</b>	<b>-376</b>	<b>118</b>	<b>-319</b>	<b>-542</b>	<b>0</b>	<b>-1.119</b>
Income tax	17	-45	57	310	0	339
<b>Net Profit/Loss</b>	<b>-359</b>	<b>73</b>	<b>-262</b>	<b>-232</b>	<b>0</b>	<b>-780</b>
<b>EBITDAR</b>	<b>833</b>	<b>1.320</b>	<b>162</b>	<b>-198</b>	<b>0</b>	<b>2.116</b>

**Rekstrartekjur**

Heildartekjur ársins 2007 námu 63.5 milljörðum króna en 56.1 milljarður króna árið 2006 sem er 13% aukning á milli ára. Heildartekjur á fjórða ársfjórðungi 2007 voru 15.3 milljarðar króna miðað við 12.6 milljarða króna á sama tímabili í fyrra sem er 22% aukning. Þessi tekjuaukning á fyrst og fremst rætur að rekja til innri vaxtar Loftleida-Icelandic og umsvifamikilla flugvélaíðskipta. Hagnaður sem rekja má til flugvélaíðskipta nam 1.8 milljörðum króna árið 2007 en 1,0 milljarði króna árið 2006 sem er aukning um 80% frá fyrra ári. Nýjar flugvélar í rekstri sem og aukin verkefni í leiguflugi skiluðu einnig tekjuaukningu, en Loftleiðir og Latcharter tóku 8 nýjar vélar í rekstur. Flutningatekjur jukust um 3% en tekjur af fraktflutningum voru svipaðar og árið 2006. Tekjur vegna neytendasölu á flugvöllum og viðhalds til 3ja aðila voru einnig hærrí en árið 2006.

- **Alþjóðlegur flugrekstur-** tekjur voru 51.5 milljarðar króna árið 2007 en 51.1 milljarður króna árið 2006 og 12.2 milljarðar króna á fjórða ársfjórðungi 2007 miðað við 11.8 milljarða króna á sama tímabili 2006.

### Afkomutilkynning ársins 2007

- **Leiguflug og flugvélaíðskipti**- tekjur voru 15.7 milljarðar króna árið 2007 en 10.7 milljarðar króna árið 2006 og 4.7 milljarðar króna á fjórða ársfjórðungi 2007 en 3.0 milljarðar króna á fjórða ársfjórðungi 2006.
- **Ferðaþjónusta**- tekjur voru 9.3 milljarðar króna árið 2007 en 8.7 milljarðar króna árið 2006 og 1.7 milljarðar króna á fjórða ársfjórðungi 2007 en 1.5 milljarðar króna á fjórða ársfjórðungi 2006.
- **Stoðþjónusta** tekjur voru 751 milljónir króna árið 2007 en 614 milljónir króna árið 2006 og 212 milljónir króna á fjórða ársfjórðungi 2007 en 148 milljónir króna á fjórða ársfjórðungi 2006.

### Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður Icelandair Group án afskrifta nam 58.0 milljörðum króna árið 2007 en 50.1 milljarði króna árið 2006. Rekstrarkostnaður nam 14.8 milljörðum á fjórða ársfjórðungi 2007 en 12.3 milljörðum króna á fjórða ársfjórðungi 2006. Laun og starfsmannakostnaður hækkaði um 13% á milli ára. Almenn hækkun á launvísitölu var 8.6% á árinu og starfsmönnum fjölgaði með vexti í starfseminni. Einnig féll til einsskipiskostnaður á árinu vegna starfsloka Jóns Karls Ólafsson forstjóra, fráfalls Þórarins Kjartanssonar framkvæmdastjóra Bláfugls og varúðarfærsla vegna sektar Samkeppnisstofnunar gagnvart IGS, en það mál fer fyrir Hæstarétt á árinu 2008. Eldsneytisverð hækkaði á árinu 2007 en veiking USD vó upp hækkunina. Meðalverð á tonn var 713 dollarar árið 2007 en 650 dollarar árið 2006, sem nemur um 10% hækkun. Níu flugvélar voru teknar í rekstur með tilheyrandi kostnaði. Kostnaður vegna áhafna og áhafnaleigu jókst samfara nýjum vélum og auknum verkefnum. Viðhaldskostnaður jókst umtalsvert á árinu 2007, m.a. vegna áður nefndra innleiðinga flugvéla og kostnaðar vegna óvæntrar hreyflaendurnýjunar og niðurfærslu birgða.

- **Alþjóðlegur Flugrekstur**: Gjöld voru 48.6 milljarðar króna árið 2007 en 49.1 milljarður króna árið 2006 og 12.2 milljarðar króna á fjórða ársfjórðungi 2007 en 12.4 milljarðar króna á fjórða ársfjórðungi 2006.
- **Leiguflug og flugvélaíðskipti**: Gjöld voru 13.5. milljarðar króna árið 2007 en 9.1 milljarðar króna árið 2006 og 4 milljarðar króna á fjórða ársfjórðungi 2007 en 2.3 milljarðar króna á fjórða ársfjórðungi 2006.  
**Ferðaþjónusta**: Gjöld voru 8.2 milljarðar króna árið 2007 en 7.6 milljarðar króna árið 2006 og 1.8 milljarðar króna á fjórða ársfjórðungi 2007 en 1.5 króna á fjórða ársfjórðungi 2006.
- **Stoðþjónusta**: Gjöld voru 1.3 milljarðar króna árið 2007 en 1.0 milljarður króna árið 2006 og 410 milljónir á fjórða ársfjórðungi 2007 en 222 milljónir króna á fjórða ársfjórðungi 2006.

### Samanburður –Lykiltölur

	ISK' 000.000				
	Proforma Q4 06	Actuals Q1 07	Actuals Q2 07	Actuals Q3 07	Actuals Q4 07
Transport revenue	7.306	6.315	9.686	11.994	7.954
Charter revenue	2.900	2.613	3.750	4.615	4.532
Other	2.384	2.977	2.755	3.429	2.857
<b>Operating Income</b>	<b>12.590</b>	<b>11.905</b>	<b>16.191</b>	<b>20.038</b>	<b>15.343</b>
Salaries and related expenses	4.753	4.602	5.329	4.672	5.405
Aircraft fuel	2.135	1.679	2.334	2.856	2.900
Aircraft and aircrew lease	1.619	1.436	2.416	2.832	669
Aircraft servicing, handling and navigation	1.163	738	985	1.187	1.457
Aircraft maintenance	746	1.027	836	1.239	2.026
Other	1.836	2.504	2.969	3.531	2.371
<b>EBITDA</b>	<b>338</b>	<b>-81</b>	<b>1.322</b>	<b>3.721</b>	<b>515</b>
<b>EBIT</b>	<b>-394</b>	<b>-833</b>	<b>-636</b>	<b>2.843</b>	<b>-309</b>
<b>EBT</b>	<b>-757</b>	<b>-1.541</b>	<b>270</b>	<b>2.519</b>	<b>-1.119</b>
<b>Net Profit</b>	<b>-550</b>	<b>-1.229</b>	<b>205</b>	<b>2.061</b>	<b>-780</b>
<b>EBITDAR</b>	<b>1.535</b>	<b>1.027</b>	<b>2.624</b>	<b>5.288</b>	<b>2.116</b>

### Fjármagnsliðir

ISK'000.000	2007	2006	Diff.	Q4 2007	Q4 2006	Diff.
Finance income	339	1.086	-69%	115	447	-74%
Finance expense	-2.545	-2.025	26%	-723	-796	-9%
Currency effect	57	513	-89%	31	-83	-137%
<b>Net financial costs</b>	<b>-2.149</b>	<b>-426</b>	<b>404%</b>	<b>-576</b>	<b>-432</b>	<b>33%</b>

### Fjármagnsliðir

Nettó fjármagnsgjöld á árinu 2007 námu 2.1 milljarði króna samanborið við 426 milljóna króna nettó fjármagnsgjöld árið 2006. Nettó fjármagnsgjöld á fjórða ársfjórðungi 2007 voru 576 milljónir króna samanborið við 432 milljónir króna á sama tíma árið 2006.

Munur á fjármunatekjum milli ára skýrist af lægri sjóðsstöðu, greiðslu skulda og skammtímafjármögnun flugvélaþinga.

Fjármagnskostnaður jókst um 520 milljónir króna vegna aukinnar skuldsetningar félagsins. Ný skuldabréf sem voru gefin út í lok árs 2006 eru inni í efnahag félagsins allt árið 2007 og einnig hækkuðu vextir og álag á mörkuðum frá fyrra ári. Þá hafði vaxtaskiptasamningur vegna sölu á SPC um Boeing-747 um 100 milljóna króna áhrif á fjármagnskostnaðinn.

Árið 2006 veiktist krónan um 22% og við það myndaðist gengishagnaður á erlendar eignir félagsins. Árið 2007 styrktist krónan aftur á móti um 6% en þá var búið að skuldsetja félagið meira í erlendri mynt sem kom á móti lækkun eigna í myntum.

### Efnahagsreikningur

ISK'000.000	31/12/07	31/12/06	Diff.
Operating Assets	22.832	22.935	0%
Intangible assets	26.846	27.845	-4%
Investment in associates	2.335	2.058	13%
Aircraft purchase prepayments	249	9.669	-97%
Long-term receivables	1.788	2.689	-34%
Cash and cash equivalents	2.006	2.776	-28%
Other current assets	10.704	8.645	24%
<b>Total assets</b>	<b>66.760</b>	<b>76.617</b>	<b>-13%</b>
Stockholders equity	25.033	26.004	-4%
Total non-current liabilities	14.174	21.967	-35%
Total current liabilities	27.553	28.646	-4%
<b>Total equity and liabilities</b>	<b>66.760</b>	<b>76.617</b>	<b>-13%</b>

### Efnahagsreikningur

Heildar eignir voru 66.8 milljarðar króna í árslok 2007 en voru 76.7 milljarðar króna í árslok 2006. Eiginfjárhlutfall í lok ársins 2007 var 37% miðað við 34% í árslok 2006.

## Afkomutilkynning ársins 2007

### Sjóðsstreymi

Veltufé frá rekstri nam 1.5 milljörðum króna í lok ársins 2007 miðað við 4.9 milljarða króna í lok ársins 2006. Handbært fé frá rekstri árið 2007 var 3.9 milljarðar króna, en var 6.4 milljarðar króna árið 2006.

### Horfur 2008

- Icelandair fer vel af stað á árinu 2008
- Umtalsverð breyting verður gerð á vörum og þjónustu Icelandair samfara endurnýjun farþegarýma, ný sæti og afþreyingarkerfi í öllum vélum félagsins
- Dregið verður úr framboði í áætluunarflugi Icelandair frá árinu 2007 og áhersla lögð á kostnaðaraðhald og hagkvæmni
- Tvö miðbæjarhótel á döfinni hjá Icelandair Hotels - Hilton fer vel af stað
- Travel Service kemur inn í Icelandair Group með áherslu á samlegðaráhrif ásamt frekari vexti í Mið-og Austur Evrópu

### Endurskoðun

Samstæðuársreikningur Icelandair Group vegna ársins 2007 var samþykkt á stjórnarfundum þann 21. febrúar 2008. Ársreikningurinn hefur verið endurskoðaður athugasemdalaust af endurskoðendum félagsins.

### Icelandair Group –Kynningarfundur fyrir markaðsaðila 22. febrúar nk.

Opinn kynningarfundur fyrir markaðsaðila og hluthafa verður haldinn föstudaginn 22. febrúar, á **Hilton Reykjavík Nordica** (Sal H). Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group mun kynna afkomu félagsins ásamt öðrum stjórnendum félagsins og svara spurningum. Kynningin hefst kl. 8:30.

### Vefvarp

Kynningarfundur á ensku verður varpað á netinu kl. 13:30 þann 22. febrúar á slóðinni:  
<https://icelandairgroup.webex.com/icelandairgroup/onstage/g.php?d=849403268&t=a>  
*Athugið að lykilorðið fyrir vefvarpið er: iceair*

Kynningarefni vegna fundarins verður hægt að nálgast að honum loknum á heimasíðu Icelandair Group:  
[www.icelandairgroup.is](http://www.icelandairgroup.is) og í fréttakerfi Kauphallar Íslands

### Fjárhagsdagatal 2008

Aðalfundur: Þriðjudaginn 11. mars 2008  
Uppgjör fyrsta ársfjórðungs: Þriðjudaginn 20. maí 2008  
Uppgjör annars ársfjórðungs: Þriðjudaginn 19. ágúst 2008  
Uppgjör þriðja ársfjórðungs: Þriðjudaginn 18. nóvember 2008  
Ársuppgjör 2008: Vika 9 2009

### Frekari upplýsingar veita:

Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group	sími: 896-1455
Guðjón Arngrímsson, upplýsingastjóri	sími: 864-5849